



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Menningarborgarsjóður

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Menningarborgarsjóður

Formáli

Menningarborgarsjóður - Menningarborgarsjóður stofnaður

Menningarborgarárinu verður haldið áfram á táknrænan hátt með stofnun Menningarborgarsjóðs sem Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytið standa sameiginlega að. Stofnfé sjóðsins er að mestu leyti rekstrarafgangur menningarborgarinnar. Hávar Sigurjónsson ræddi við Pál Skúlason, Björn Bjarnason og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um hlutverk hins nýja sjóðs.

Borgarstjóri og menntamálaráðherra undirrituðu sérstakt samkomulag um stofnun Menningarborgarsjóðs í lok síðasta samráðsfundar M2000 sem haldinn var í Höfða í gær.

Á fundinum kom fram að fjárhagsstaða Reykjavíkur - menningarborgar Evrópu árið 2000 við lok ársins er mjög góð og tekjur verkefnisins hafa orðið nokkru meiri en upphaflega var áætlað. Í ljósi þessa lagði stjórn menningarborgarinnar til við borgarstjórnann í Reykjavík og menntamálaráðherra að stofnaður yrði sérstakur sjóður sem bæri nafnið "Menningarborgarsjóður" og yrði hlutverk hans að veita menningarverkefnum á ýmsum sviðum brautargengi. Sjóðurinn verður í vörslu Listahátíðar í Reykjavík, sem er helsti samstarfsvettvangur ríkis og borgar í menningarmálum. Listahátíð starfar nú eftir nýjum samþykktum sem gera hátíðinni kleift að taka við nýjum verkefnum.

Stofnfjármagnið frá M2000

Í samkomulaginu er kveðið á um að stofnframlag sjóðsins verði það fjármagn, sem menningarborgin á eftir þegar allar greiðslur úr erlendum sjóðum hafa borist. Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg munu þar að auki bæta alls tíu milljónum í sjóðinn á þessu ári og mun það framlag skiptast til helminga. Framtíðarframlög í sjóðinn verða eftir nánara samkomulagi.

Menningarborgarsjóðurinn skal stuðla að menningarstarfi af ýmsu tagi í framhaldi af menningarborgarárinu. Hann lýtur sérstakri fimm manna úthlutunarnefnd sem í sitja tveir menn skipaðir af menntamálaráðherra, tveir af borgarstjóranum í Reykjavík auk formanns sem skipaður verður af stjórn Listahátíðar.

Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, sagði í samtali við Morgunblaðið að stjórn M2000 hefði frá upphafi haft hug á að stuðla að eflingu menningarlífs til lengri tíma. "Þegar við sáum fram á að tekjuafgangur yrði af fjárveitingum til verkefna menningarborgarársins fæddist þessi hugmynd. Stofnun sjóðsins er táknræn fyrir þann vilja. Varðandi nánari útfærslu um starfsemi sjóðsins kemur það í hlut úthlutunarnefndar að setja honum starfsreglur." Að sögn Páls verður auglýst árlega eftir umsóknum til verkefna á eftirgreindum sviðum: a) nýsköpunarverkefni á sviði lista. b) menningarverkefni á vegum sveitarfélaga á landsbyggðinni. c) menningarverkefni fyrir börn og ungt fólk.

Allt stefnir í að úthlutunarfé Menningarborgarsjóðsins geti orðið um 30 milljónir króna. Úthlutunarreglur verða nánar útfærðar þegar endanlega er staðfest hvert stofnfé sjóðsins verður þegar greiðslur úr erlendum sjóðum hafa skilað sér til fullnustu.

Eflir menningarstarf um land allt

Björn Bjarnason menntamálaráðherra sagði að á þessu stigi væri ekki hægt að segja til um hversu miklum fjármunum yrði úthlutað árlega. "Menntamálaráðuneytið leggur til sjóðsins fimm milljónir á þessu fjárlagaári á móti sömu upphæð frá Reykjavíkurborg en síðan verður samið um það hverju sinni hvert framlagið verður. Ég tel að stofnun sjóðsins sýni að vel hefur verið haldið á fjármunum menningarborgarinnar. Það sem við leggjum höfuðáherslu á af hálfu menntamálaráðuneytisins við stofnun þessa sjóðs er að árangurinn af menningarborgarárinu skili sér um landið allt. Við lítum á þetta sem viðleitni til að halda úti menningarstarfsemi víðar en í Reykjavík og að stofnun sjóðsins verði til að efla menningarsamskipti milli landsbyggðar og höfuðborgar."

Festir í sessi það sem vel tókst

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri sagði að stofnun sjóðsins væri eðlilegt framhald þess samstarfs sem til hefur stofnast milli Reykjavíkurborgar og ríkisins á menningarborgarárinu. "Sjóðnum er einnig ætlað að fylgja eftir því nýsköpunarhlutverki sem menningarborgin hafði með höndum og listamenn voru mjög ánægðir með. Þá er sjóðnum ætlað fylgja eftir því góða samstarfi við önnur sveitarfélög um menningarstarf sem menningarborgin hafði forgöngu um. Einnig má nefna það góða starf með börnum og ungu fólki sem efnt var til á menningarárinu og full ástæða er til að fylgja eftir. Í sem stystu máli má segja sjóðnum sé ætlað að festa í sessi það sem vel tókst á menningarborgarárinu." Ingibjörg Sólrún sagði að Reykjavíkurborg hefði þegar ákveðið að fylgja menningarborgarárinu eftir með stærri fjárveitingum til menningarmála en á fyrri árum ef menningarborgarárið sjálft er undanskilið. "Við erum að setja umtalsvert meiri peninga í menningarstarf og þessi sjóður er hluti af þeirri stefnu. Ég geri ráð fyrir að á þessu ári verði úthlutað allt að 20 milljónum úr menningarborgarsjóðnum sem er veruleg viðbót við það sem nú er því að menningarmálanefnd Reykjavíkur hefur 28 milljónir til ráðstöfunar á árinu. Með samkomulaginu eru ekki tilgreind nein tímamörk en ég lít þó svo á að um sé að ræða skuldbindingu til minnst tveggja ára og síðan verði skoðað hvernig til hafi tekist."

Af mbl.is, 6. janúar
2001.

Skjalaskrá

Gögn þessi bárust Borgarskjalasafni í október 2011.

Askja 1

Úrklippa úr Morgunblaðinu 17. maí 2001 – *Framtíð íslenskrar menningar*.
Ljósmyndasafn Akraness. Umsókn vegna sýningar á ljósmyndum Árna Björnssonar, án ártals.
Tækniminjasafn Austurlands, Safnasvæðið á Akranesi og Skálholt. Umsóknir um menningatengda ferðaþjónustu 2002.

Samtök um leikminjasafn. Umsókn vegna Laxness og leiklistin, leikminjasýningar og dagskrár í lðnó 13. apríl til 1. maí 2002.

Á Sturlungaslóð í Skagafirði 2003.

Sögumiðstöð Grundarfjarðar. Umsókn vegna sögugarðs í Grundarfirði 2003.

Hildi Jónsdóttur. Umsókn, bæklingar o.fl. 2003.

Askja 2

Umsókn vegna Ljóðræn konseptlist 2001.

Umsókn vegna Tónabíó, Ný tónlist – gamlar myndir. 2001.

Nýlistasafnið. Umsókn vegna Polyphony 2001.

Umsókn vegna Nýja leikhúsið 2002.

Smekkleysa. Umsókn vegna *Humar eða frægð* 2004.

Hótel Aldan 2002.

María Sjöfn Dupuis Davíðsdóttir. Umsókn um styrk í nútímahönnun á nytjalist 2004.

Skaftafell, menningarmiðstöð Seyðisfirði. Miðstöð myndlistar á Austurlandi 2004.

Guðjón Bjarnason. Umsókn vegna sýninga á skúlpúr 2004.

Hálfur Hrekkur í dós. Umsókn um styrk fyrir barnaleikritið Búkollu, án árs.

Umsókn vegna Skarphéðins sögu, án árs.

Aldamótabærinn Seyðisfjörður, viðskiptaáætlun.

Designer for a Day by the amazing design kids 2003

Listahátíð á Seyðisfirði dagskrá 2003.

Sýningar og atburðir á ýmsum stöðum á landinu 2001-2007.

Askja 3

Sýningar og atburðir á ýmsum stöðum á landinu 2000-2003 og án árs.

Plaköt án árs.

Askja 4

Útgáfa

Design.is. 2003.

Flautubókin mín. Höfundur: Dagný Marinósdóttir. Reykjavík 2004.

Hagvirkni: húsbúnaður eftir íslenska myndlistarmenn 1904-2004. Garðabæ, 2004.

Megas. Mál og menning: Kistan: Nýlistasafnið, 2001.

Meistarar formsins. Úr höggmyndasögu 20. aldar. Reykjavík, 2003.

N er aðeins bókstafur. Geirlaugur Magnússon. Reykjavík, 2003.

Orðið tónlist = The word music. Smekkleysa, 2000.

Róska. Nýlistasafnið : Mál og menning, 2000.

Skáldin og leikhúsið. Bragi Ólafsson. 2003.

Stólar Péturs. Pétur B. Lúthersson : stólahönnun í 40 ár. Garðabær-Reykjavík, 2002.

Yfir bjartsýnisbrúna, Reykjavík, 2003.

Disklingar 2 stk. Sýnishorn af verkum Skólavefsins, án árs.

Askja 5

Geisladiskar:

Mór (*hljómsveit*). Demó og stytt kynningarútgáfa.

Konan [hljóðbók] : maddama, kerling, fröken, frú- : ljóð og höggmyndir í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar 23. maí - 30. júní 2002.

Minn heimur og þinn [hljóðrit]: lög og ljóð eftir íslenskar konur / [söngur] Ásgerður Júníusdóttir. Smekkleysa, 2001.

Sagnadansar. Prufur. Án árs.

Scjpillkas – sey mir gesunt. Án árs.

Snjóform – hreyfimyndir. Guðrún Kristjánsdóttir. Án árs.

Sthephansstenfa. Málþing um Stephan G. Stephansson og verk hans. 2003.

Tónleikar í lönó 30.12. 2002.

Tónlist og myndlist í íslenskum handritum – margmiðlun. Helgisiðastofnun, 2002.

Þrymskviða 3 stk. CD-diskar.

Askja 6

Myndbönd:

Africa United.

Hlemmur, Mynd eftir Ólaf Sveinsson.

Jón og Séra Jón. Kynningarstúfur. Viðsýn ehf.

Askja 7

Styrkumsóknir 2 stk. 2000 og 2004.

Listar yfir styrkhafa Menningarborgarsjóðs 2001-2004 o.fl.

Ársreikningar Menningarborgarsjóðs 2001.

Ársreikningar Menningarborgarsjóðs 2002.

Ársreikningar Menningarborgarsjóðs 2003.

Ársreikningar Menningarborgarsjóðs 2004.

Askja 8

Styrkumsóknir III-IV - hafnað.

Askja 9

Styrkumsóknir V-VI - hafnað.

Askja 10

Styrkumsóknir VII-IV - hafnað.

Askja 11

Styrkumsóknir

Styrkumsóknir II-III 2001 - hafnað.

Styrkumsóknir IV-V 2001 - hafnað.

Styrkumsóknir VI-VIII 2001 - hafnað.

Styrkumsóknir I-II 2002 - hafnað.

Askja 12*Styrkumsóknir 2002-2004*

Styrkumsóknir V-VI 2002 - hafnað.

Styrkumsóknir I-II 2003 - hafnað.

Styrkumsóknir III-V 2004 - hafnað.

Styrkumsóknir VI-VIII 2004 - hafnað.

Styrkumsóknir VI-VIII 2004 - hafnað.

Askja 13*Styrkumsóknir 2001***Örk 1**

Bréf, samningar, styrkumsóknir o.fl. 2001.

Örk 2

Styrkumsóknir 2001.

Askja 14*Styrkumsóknir 2002-2003***Örk 1**

Styrkumsóknir 2002.

Örk 2

Bréf, samningar, styrkumsóknir o.fl. 2002.

Örk 3

Styrkumsóknir I 2003.

Örk 4

Styrkumsóknir II 2003.

Örk 5

Bréf, samningar, styrkumsóknir o.fl. 2003.

Askja 15*Styrkumsóknir 2004***Örk 1**

Styrkumsóknir I-II 2004 - hafnað.

Örk 2

Styrkumsóknir 2004.

Örk 3

Bréf, samningar, styrkumsóknir o.fl. 2004.

Örk 4

Fundargerðir og fylgiskjöl úthlutunarnefndar Menningarborgarsjóðs 2001-2004.

Örk 5

Samkomulag milli menntamálaráðherra og borgarstjórans í Reykjavík 5. janúar 2001 og samstarfssamningur 5. janúar 2001.

Bréf, tölvupóstur, ársreikningur Menningarborgarsjóðs 2001 o.fl., 2001-2004.

Askja 16

Styrkumsóknir 2004

Styrkumsóknir VI-VIII 2004 - hafnað.

Skráð í janúar, nóvember 2012
og febrúar 2013,
Jakobína Sveinsdóttir